

ÚRSKURÐUR

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 14/1998

Arnar E. Gunnarsson

gegn

samkeppnisráði

I.

Með bréfi, dags. 4. ágúst 1998, hefur Arnar E. Gunnarsson kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 22/1998](#), dags. 8. júlí 1998.

Með ákvörðuninni beinir samkeppnisráð, með heimild í 17. gr. samkeppnislaga, fyrirmælum í þremur liðum til Vegagerðarinnar vegna útboða.

Áfrýjandi krefst þess að útboð Vegagerðarinnar um vetrarþjónustu á Holtavörðuheidi árin 1997-2000 verði ógilt.

Samkeppnisráð krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna.

II.

Málavextir eru þeir að Samkeppnisstofnun barst, á fyrri hluta árs 1998, erindi frá áfrýjanda, vegna mats á tilboðum er varða útboð Vegagerðarinnar á vetrarþjónustu á Holtavörðuheidi árin 1997-2000. Í erindinu var farið fram á að Samkeppnisstofnun tæki til athugunar hvort fyrrgreint útboð stæðist ákvæði samkeppnislaga. Áfrýjandi var einn af tilboðsgjöfum í umrætt verk.

Málsmeðferð Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs er lýst í hinni kærðu ákvörðun og vísast til þess er þar segir.

Á fundi samkeppnisráðs 8. júlí 1998 var tekin ákvörðun í máli þessu. Ákvörðunarorðin eru svohljóðandi:

„Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, beinir samkeppnisráð eftirfarandi fyrirmælum til Vegagerðarinnar:

1. Vegagerðin hagi útboðslýsingum þannig að unnt sé samkvæmt þeim að meta tilboð á hlutlægan og faglegan hátt. Þess skal gætt við mat á tilboðum að þeim sem starfa á viðkomandi markaði sé ekki mismunað.
2. Þess skal vandlega gætt að útboðslýsingar í útboðum Vegagerðarinnar séu skýrar og greinilegar og að forsendur fyrir mati á tilboðum séu aðgengilegar þeim sem í verkin bjóða.
3. Vegagerðin skal, ef hagstæðasta tilboð er ekki jafnframt lægsta tilboð, senda bjóðendum greinargerð með rökstuðningi um valið á tilboðinu eigi síðar en þremur vikum eftir að ákvörðun um að taka tilboði hefur verið tekin, eins og segir í IST 30:1997, grein 9.3.1., sem Vegagerðin er aðili að.“

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Vegagerðinni var veittur kostur á að koma fram með athugasemdir í málinu og skiluðu þeir greinargerð dags. 1. september 1998.

III.

Áfrýjandi telur að ógilda beri umrætt útboð þar sem óeðlilega hafi verið að því staðið bæði hvað varðar útboðsgögn svo og úrvinnslu Vegagerðarinnar á þeim tilboðum sem bárust í verkið.

Áfrýjandi kveður samkeppnisráð hafa tekið undir, í hinni kærðu ákvörðun, þau atriði sem áfrýjandi hafi bent á í erindi sínu varðandi meðferð Vegagerðarinnar. Hins vegar hafi niðurstaðan engu breytt fyrir hann.

Áfrýjandi bendir á að Vegagerð ríkisins hafi nýverið boðið út allan snjómokstur á Vesturlandi og í því útboði hafi ekki verið stuðst við svonefnt „sænskt kerfi“ til að meta tilboðsgjafa eins og gert hafi verið í útboði vegna vetrarþjónustu á Holtavörðuheiði árin 1997-2000. Að mati áfrýjanda sýnir þetta að það kerfi sem notað var til að velja hagstæðasta tilboðið hafi aðeins verið til að útiloka aðra en þann sem fékk verkið.

Áfrýjandi bendir m.a. á að í grein 3.8 í útboðslýsingu segi að meðal atriða sem skuli hafa áhrif við val á verktaka sé aðsetur hans. Í umræddu útboði hafi hins vegar aðeins verið tekið mið af lögheimili verktaka. Þá hafi tilboðsgjöfum ekki verið gefið tækifæri til að fá allar upplýsingar m.a. um veðurfar og snjóalög á Holtavörðuheiði. Ennfremur gerir áfrýjandi athugasemdir við að þess hafi ekki verið krafist í útboði að tilboðsgjafar legðu fram gögn um reynslu sína.

Þá bendir áfrýjandi á að í greinargerð Vegagerðarinnar frá 2. nóvember 1997 og einnig í hinni kærðu ákvörðun sé fjallað um atriði sem ekki komu fram í útboðsgögnum en hafi ráðið úrslitum í mati Vegagerðarinnar á mati á hagstæðasta tilboði. Hér sé um að ræða atriði er varða mat á því hvort tilboðsgjafi sé vanur bílstjóri.

Til stuðnings kröfu sinni um að hin kærða ákvörðun verði staðfest vísar samkeppnisráð til forsendna hinnar kærðu ákvörðunar.

IV.

Niðurstöður.

Í máli þessu er gerð sú krafa að útboð það sem fram fór vegna „Vetrarþjónustu á Holtavörðuheidi 1997-2000“ verði dæmt ógilt. Kröfu þessa ber að skilja þannig að þess sé krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og ný ákvörðun tekin þar sem útboðið verði dæmt ógilt.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir aðdraganda hinnar kærðu ákvörðunar nr. 22/1998 og þeim ákvörðunarorðum sem í henni felast. Í málinu hefur einnig komið fram að í framhaldi af útboðinu hafi Vegagerðin gengið til samninga við þann bjóðanda sem hún taldi að hefði sett fram hagstæðasta tilboðið samkvæmt útboðskerfinu.

Hvorki í 2. mgr. 5. gr., sbr. 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga, né í einstökum ákvæðum þeirra laga er að finna heimild fyrir samkeppnisyfirvöld til að kveða á um lögumæti útboða sem þegar hafa farið fram. Slíkt vald á alfarið undir dómstólana. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur því að ekki sé unnt að verða við kröfum áfrýjanda.

Af þessum sökum er ekki unnt að taka kröfu hans til greina.

V.

Úrskurðarorð.

Krafa áfrýjanda er ekki tekin til greina.

Reykjavík, 14. september 1998.

Stefán Már Stefánsson

Magnús H. Magnússon

Anna Kristín Traustadóttir